

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl. kr. 6.000.-.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Elísson, sæti varðhaldi í 15 daga. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 6.000.-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 219/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Unni Ágústdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag, og krefst hún þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Unnur Ágústsdóttir, f. 06. 06. 1955, til heimilis að Skúlagötu 56 hér í borg, verði úrskurðuð til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 14. nóvember n.k., kl. 17:00.

Kærða hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þessir:

RLR rannsakar nú innbrot og þjófnaði úr læknastofunni að Miklubraut 50 og tannlæknastofunni að Laugavegi 74 hér í borg, sem talið er, að hafi átt sér stað 1. og 2. nóvember sl. Jafnframt er nú unnið að rannsókn á innbrotspjófnaði í húsi Osta- og smjörslunnar, Snorrabraut 54, Reykjavík, sem framinn var að kvöldi 23. júní sl.

Samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 4. þ.m. var heimiluð húsleit að Skúlagötu 56 hér í borg, heimili kærðu og var kærða handtekin þar ásamt Margréti Ágústsdóttur og Atla Bergmann, sem þar búa einnig. Við húsleitina fundust ýmsir munir, þ. á m. sterk lyf og myndavél sem talið er, að horfið hafi í famangreindum innbrotum. Kærða hefur neitað að vita nokkuð um, hvornig munir þessir hafa borist inn á ofangreint heimili hennar.

Þá hefur Matthildur Eiðsdóttir, f. 18. 03. 1961, sem handtekin var að kvöldi 3. nóvember sl., borið, að kærða hafi fengið henni tékkhefti á Sparisjóð Vestmannaeyja, sem fannst á Matthildi og hún var búin að selja tékka úr. Kærða hefur hins vegar neitað því að hafa afhent Matthildi tékkhefti þetta.

Í þágu rannsóknar mála þessara þykir rétt skv. framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina til þess að koma í veg fyrir, að kærða geti með óskertu frelsi sínu torvelað rannsóknina. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember 1984, kl. 17:00. Kærða er grunuð um brot, sem gætu varðað fangelsisrefsingu, m.a. skv. XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru því ákv. 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Unnur Ágústsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember 1984, kl. 17:00.